



Alþingi
Erindi nr. Þ 127/453
komudagur 10.12.2001

Umsögn minni hluta allsherjarnefndar

Samkvæmt lögum nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl., lögum nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, og samningi milli ríkis og kirkju sér ríkissjóður um innheimtu kirkjugarðs- og sóknargjalda. Þessi gjöld eru innheimt með staðgreiðslu opinberra gjalda. Hér er því um að ræða gjöld sem eru hlutfall af tekjuskatti og eðli málsins samkvæmt hækka þau og lækka í samræmi við þróun launa og skattstofns. Sóknargjöld nema nú samkvæmt lögum um sóknargjöld o.fl. 566 kr. á mánuði fyrir hvern einstakling sem er 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári og kirkjugarðsgjöld samkvæmt lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, 232 kr. á mánuði fyrir hvern einstakling sem er 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári. Þessar fjárhæðir hefðu að óbreyttu átt að hækka um 9% vegna launabreytinga. Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að fjárhæðirnar verði óbreyttar milli ára. Þetta hefur það í för með sér að hækkun kirkjugarðsgjalds verður rúmlega 5 millj. kr., sem skýrist af fólksfjölgun, en hefði orðið 54 millj. kr. milli ára samkvæmt meðfylgjandi gögnum frá Kirkjugarðasambandi Íslands. Sóknargjöld sem eru nú samkvæmt fjárlögum 2001 1.412,0 millj. kr., hækka ekki um þessi 9%. Frumvarpið mun án efa valda trúfélögum utan þjóðkirkjunnar fjárhagsvandræðum þar sem þau hafa hvorki starfsmann launaðan af ríkinu né aðgang að sjóðum tengdum ríki og þjóðkirkju. Þá mun frumvarpið hafa áhrif á ýmis verkefni Háskóla Íslands þar sem hann hefur nýtt það gjald sem til hans hefur runnið til ýmissa verkefna sem skólinn hefur ekki getað fjármagnað með öðrum hætti. Þessar fjárhæðir verða samt sem áður innheimtar í gegnum staðgreiðslu skatta en mismunurinn mun renna í ríkissjóð. Hér er ríkissjóður því að hækka tekjur sínar af staðgreiðslu einstaklinga sem þessum mismun nemur.

Siðferðilega spurningin sem vaknar við þetta er sú að hér á árum áður, allt til ársins 1988, voru kirkjugarðs- og sóknargjöld innheimt sérstaklega. Með upptöku staðgreiðslu skatta tók ríkissjóður að sér að innheimta þessi gjöld sérstaklega í gegnum skattkerfið. Það má því halda því fram að hlutfall þessara gjalda í staðgreiðslunni hafi aldrei verið ætlað ríkissjóði til ráðstöfunar. Það er í samræmi við samning ríkis og kirkju sem fylgir þessari umsögn, auk laga þar um. Hér er ríkissjóður kominn á mjög hálan ís að mati minni hlutans. Minni hlutinn mælir því gegn samþykkt frumvarpsins.

Ögmundur Jónasson áheyrnarfulltrúi er samþykktur umsögn minni hlutans.

10. desember 2001.
Lúðvik Bergvinsson.

Fylgiskjöl

Minnisblað frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti um skiptingu sóknar- og kirkjugarðsgjalda, dags. 5. desember 2001.

Minnisblað frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti um kirkjugarðs- og sóknargjöld, dags. 5. desember 2001.

Umsögn Kirkjugarðasambands Íslands, dags. 5. desember 2001.

Umsögn Fríkirkjunnar í Reykjavík, dags. 10. desember 2001.

Afrit af samningi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar, dags. 10. janúar 1997.

ALLSHERJARNEFND